



SAMTÖK
SVEITARFÉLAGA
Á VESTURLANDI

ÁRSSKÝRSLA 2025

AÐALFUNDUR SSV
BORGARNESI
25.03.2026



hver er
SÉRSTAÐA
Vesturlands?



Vesturland nær yfir svæðið frá botni Gilsfjarðar í norðri og að botni Hvalfjarðar í suðri

Frá Snæfellsnesi í vestri og upp á Langjökul í austri. Á svæðinu búa um **18.000** (1. janúar 2026) sem skiptast niður á 9 sveitarfélög. Fjölmennastur er **Akraneskaupstaður** með um **8.400** íbúa. Undanfarin ár hefur íbúum fjölgað verulega í sunnanverðum landshlutanum. Á sama tíma hefur íbúafjöldi á Snæfellsnesi og Dölum staðið í stað. Í heildina hefur íbúum á Vesturlandi **fjölgað um 9%** síðustu 6 ár. Meðalaldurinn hefur á þessum árum hækkað úr 38,4 í 39 ár. Eldri borgarar eru 15,4% íbúa. Íbúar af erlendum uppruna eru 17,6% samkvæmt þjóðskrá

Markmið og verkefni

• Markmið

- Vinna að hagsmunum aðildarsveitarfélaga og efla samstarf þeirra á milli
- Atvinnu- og byggðapróun
- Vinna að sameiginlegum málum sem löggjafinn eða ráðuneyti fela SSV
- Koma fram sem heild í sameiginlegum málum gagnvart ríkisvaldinu og öðrum
- Fylgjast með nýjungum á sviði sveitarstjórnar- og byggðamála, jafnt innanlands sem og erlendis
- Efla búsetu og atvinnulíf í landshlutunum

• Samningsbundinn verkefni

- Samningur um framkvæmd Sóknaráætlunar Vesturlands sem SSV er lögum samkvæmt falið að vinna að
- Með samningi við Byggðastofnun hefur SSV tekið að sér atvinnuráðgjöf og ýmis byggðapróunar verkefni á Vesturlandi
- Með þjónustusamningi við stjórn Sorpurðunar Vesturlands sér SSV um rekstur urðunarstaðarins í Fíflholtum
- Samningur við mennta- og barnamálaráðuneytið um farsældarmál.
- Samningur við Ferðamálastofu felur í sér að SSV hefur umsjón með áfangastaðastofu og áfangastaðaáætlun Vesturlands og verkefnum henni tengdri
- SSV á allt hlutfé í Markaðsstofu Vesturlands og stýrir starfsemi hennar

Aðalfundur SSV 2025

- Aðalfundur SSV var haldinn á Hótel Hamri í Borgarnesi 26. mars 2025. Verkefni aðalfundar er fyrst og fremst að gera upp undangengið ár.
- Á sama degi og aðalfundur SSV fór fram héldu aðrir samstarfsaðilar sem að öllu leyti eða hluta til eru í eigu sveitarfélaga sína aðalfundi.
- Á aðalfund SSV mættu 40 fulltrúar og gestir. Guðveig Eyglóardóttir formaður SSV flutti ársskýrslu og Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri kynnti ársreikning samtakanna. Eftir fyrirspurnir og umræðu samþykkti fundurinn ársskýrslu og ársreikning.
- Á fundinum urðu formannskipti, en Ragnar Sæmundsson tók við formennsku af Guðveigu Eyglóardóttur.





Haustþing SSV 2025

- Haustþing SSV fór fram á Akranesi 29. október. Um 40 manns tóku þátt í þinginu sem Líf Lárusdóttir formaður bæjarráðs á Akranesi stýrði.
- Þema þingsins var aðdráttarafli sveitarfélaga. Bjarki Þór Grönfeldt var með kynningu á rannsóknum sínum um aðdráttarafli og tók síðan þátt í pallborðsumræðum um efnið ásamt Björgu Ágústsdóttur bæjarstjóra í Grundarfirði, Bjarka Þorsteinssyni sveitarstjóra í Dalabyggð og Eddu Ívarsdóttur borgarhönnuði. Pallborðinu stýrði Sigrún Ósk Kristjánsdóttir
- Gestur fundarins var Ólafur Adolfsson fyrsti þingmaður NV-kjördæmis og ávarpaði hann þingið.




Stjórn SSV

Stjórn SSV var kosin til tveggja ára á aðalfundi 2024 Í stjórn eru:

- Ragnar Sæmundsson, formaður Akranesi
- Ingibjörg Þ. Steinudóttir, varaformaður Dalabyggð
- Guðveig Eyglóardóttir, Borgarbyggð
- Einar Brandsson, Akranesi
- Elín Gunnarsdóttir, Hvalfjarðarsveit
- Pétur Davíðsson, Skorradalshreppi
- Sigurður Guðmundsson, Borgarbyggð
- Sigurborg Ottesen, Eyja- og Miklaholtshreppi
- Jakob B. Jakobsson, Stykkishólmi
- Jósef Kjartansson, Grundarfirði
- Júníana Óttarsdóttir, Snæfellsbæ

Stjórn SSV hélt alls 8 fundi á árinu og fóru fundirnir ýmist fram á Teams eða voru staðbundnir.





Starfsfólk SSV

- Páll S. Brynjarsson, framkvæmdastjóri
- Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Sorpurðunar Vesturlands
- Svala Svavarsdóttir, verkefnastjóri (lést í september)
- Sigursteinn Sigurðsson, fagstjóri menningar og velferðarmála
- Vífill Karlsson, fagstjóri atvinnuráðgjafar
- Helga Guðjónsdóttir, atvinnuráðgjafi
- Ólöf Guðmundsdóttir, atvinnuráðgjafi
- Hrafnhildur Tryggvadóttir, atvinnuráðgjafi
- Sædís Þórðardóttir, skrifstofumaður
- Margrét Björk Björnsdóttir, fagstjóri áfangastaða- og markaðssviðs
- Björk Jóelsdóttir, verkefnastjóri (lét af störfum í júní)
- Kristján Guðmundsson, verkefnastjóri
- Líf Lárusdóttir, sérverkefni - Gott að eldast
- Linda Guðmundsdóttir, verkefnastjóri DalaAuðs
- Bára Daðadóttir, verkefnisstjóri farsældar barna
- Laufey Jónsdóttir, tengiráðgjafi Gott að eldast

Hlutverk skrifstofu SSV er að halda utan um þau verkefni sem SSV eru falin með lögum, samningum sem SSV hefur við Byggðastofnun um atvinnuráðgjöf, við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og mennta- menningarmálaráðuneytið um Sóknaráætlun Vesturlands, Ferðamálastofu um áfangastaðastofu og Mennta- og barnamálaráðuneytið um Farsældarfulltrúa.

Skrifstofa SSV hefur allt frá stofnun Sorpurðunar Vesturlands árið 1999 haldið utan um rekstur félagsins. Í gildi er samningur um að SSV sinni þessu verkefni, auk þess hefur SSV samninga við Símenntunarmiðstöð Vesturlands og Starfsendurhæfingu Vesturlands um launaumsýslu.

Á árinu 2025 voru 16 starfsmenn hjá SSV í samtals 12,9 stöðugildum.



Starfsmannaferð til Barcelona – október 2025

- Starfsmannaferð SSV til Barcelona var vel heppnuðu, en tilgangur hennar var að kynna sér hvernig sveitarfélög, stofnanir og sprotafyrirtæki geta unnið saman að nýsköpun, sjálfbærni og skapandi samfélagslegri þróun.
- Starfsfólki átti góðan tíma saman og kynnti sér margt af því besta sem Barcelona borg hefur upp á að bjóða.





Samstarf og hagsmunagæsla

- Í lögum SSV kemur fram að eitt af markmiðum samtakanna er að gæta hagsmuna sveitarfélaga á Vesturlandi. Þetta er gert með ýmsum hætti, en helstu fundir voru:
- Formaður og framkvæmdastjóri SSV áttu fundi með fulltrúum annarra landshlutasamtaka, sátu fund landshlutasamtaka með formanni og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga og tóku þátt í Landspingi sveitarfélaga sem og Fjármálaráðsstefnu sveitarfélaga. Þarna voru ýmis málefni til umræðu.
- Stjórn SSV fær til umsagnar ýmis lagafrumvörp og sendir frá sér umsagnir um ýmis mál. Þá var fundað með ráðherrum, þingmönnum, nefndum Alþingis, ráðuneytum og ríkisstofnunum vegna ýmissa mála. Þá skipulagði SSV fundi fyrir sveitarstjórnarfólk á Vesturlandi með ráðherrum og þingmönnum um ákveðin málefni.






Fræðsla og kynning

- Eitt af markmiðum SSV er að stuðla að viðtækri þekkingu sveitarstjórnarmanna á Vesturlandi á málefnum sveitarfélaga.
- Áhersla hefur verið lögð á að hafa heimasíðu SSV virka og metnaður hefur verið lagður í að vera með ýmiskonar tölfraði um Vesturland á síðunni, auk þess að hafa aðgengilegar skýrslur og annað útgefið efni um landshlutann. Vífill Karlsson hagfræðingur á veg og vanda að þessum upplýsingum. Þá heldur SSV úti síðu á samfélagsmiðlum.
- Áfangastaða og markaðssvið SSV heldur utan um ýmsa miðla sem nýtast ferðamönnum á Vesturlandi og má þar nefna; vefsíðuna west.is, upplifdu.is og samfélagsmiðla.



Atvinnuráðgjöf SSV

- Atvinnuráðgjöfin starfar í samræmi við samning Byggðastofnunar við landshlutasamtök um atvinnuráðgjöf í landshlutunum. Í gegnum samninginn kom tæplega 33 m.kr. fjárstuðningur til reksturs atvinnuráðgjafar, en í samningnum eru ákveðin verkefni skilgreind. Þau eru eftirtalin:
- **Atvinnu- og byggðaþróun:** Í samræmi við stefnu ríkisins í byggðamálum og áherslur Sóknaráætlunar Vesturlands.
- **Atvinnuráðgjöf:** veitir aðstoð við stofnun og rekstur fyrirtækja á starfssvæðinu, svo sem markaðssókn, vörubrúun, fjármögnun, kynningu, endurskipulagningu, erlend samskipti o.fl. Veitir upplýsingar um mögulega fyrirgreiðslu og aðstoð annarra aðila.
- **Nýsköpun:** vinnur verkefni á sviði nýsköpunar með einstaklingum og fyrirtækjum.
- **Upplýsingaöflun:** hafa góða heildarsýn yfir starfssvæði sitt og veita Byggðastofnun eins og kostur er upplýsingar um ástand atvinnulífs og búsetuþátta.
- **Fræðslumál:** námskeið og fræðsla fyrir atvinnuráðgjafa.




ÉG BÝ Í SVEIT

MÁLÞING UM LEIÐIR TIL BYGGÐAFESTU Á SAUÐFJÁRRÆKTAR-SVÆÐUM DALABYGGÐAR, STRANDA OG HÚNAÞINGS VESTRA

Leiðir til byggðafestu og byggðaþróun í dreifbýli

- Hlédís Sveinsdóttir & Björn Bjarnason - Leiðir til byggðafestu
- Torfi Jóhannesson - Byggðaþróun

Hádegisverður

Nýsköpun / vonarneistar til framtíðar

- Þorgrímur Guðbjartsson, Erpsstöðum - Virðisauki heima á hlaði
- Berglind Víktorsdóttir - Hey Iceland
- Hjörleifur Finnsson - Kolefniseiningar
- Steinþór Logi Arnarsson - Hvað dregur ungt fólk í dreifbýli?
- Ingibjörg Þórunn Steinudóttir - Urður ullarvinnsla
- Sigurður Lindal - Sniglarækt
- Elínborg Erla Ásgeirsdóttir - Lífræn grænmetisækt
- Guðfinna Lára Hávarðardóttir - Reynslusögur af nýsköpun í landbúnaði

Pallborð

SSU Vestjarbastaða SSV Byggðáætlun

18. nóvember - Dalahótel, Laugum Sælingsdal, kl. 11:00-16:00

Viðburðinum verður jafnframt streymt

Þátttaka er öllum opin og án endurgjalds

SKRÁNING Á WWW.SSV.IS



Menningar- og velferðarsvið - menning

- Á árinu 2025 var unnið að ýmsum verkefnum sem hafa fest sig í sessi;
- Vinna með umsækjendum í Uppbyggingarsjóð Vesturlands og ýmsum öðrum sjóðum
- Vinna að áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Vesturlands
- Ráðgjöf fyrir sveitarfélög, ýmis söfn og menningarsetur á Vesturlandi og grasrótarfélög
- Öflugt samstarf með menningarfulltrúum í öðrum landshlutum
- Hagmunagæsla gagnvart ríkinu og stofnunum er varðar menningu og listir
- Leiða Handraðann samstarfsverkefni safna á Vesturlandi
- Ný verkefni á árinu 2025:
 - Barnamenningarhátíðin Barnó - BEST MEST VEST! á Vesturlandi
 - Samstarf við önnur landshlutasamtök um aðgerð B.8 í byggðaáætlun um menningarhús





Menningar- og velferðarsvið - Velferð

- Í velferðarmálum hefur SSV unnið að nokkrum stórum verkefnum á árinu 2025
- **Gott að eldast** verkefnið snýr að samþættingu öldrunarþjónustu á Vesturlandi í samstarfi við sveitarfélögin og HVE. Þær Líf Lárusdóttir verkefnisstjóri og Laufey Jónsdóttir tengiráðgjafi hafa unnið að verkefninu.
- **Farsæld barna.** Bára Daðadóttir farsældarfulltrúi stýrir verkefninu. Á árinu tók Farsældarráð Vesturlands til starfa. Auk þess var haldinn farsældardagur, öflugt samstarf var við samstarfsfólk ÍSÍ/UMFÍ á Vesturlandi og lögregluna um ýmis forvarnarverkefni undir hatti farsældar.
- **Ungmennaráð Vesturlands** starfaði af miklum krafti á árinu 2025 og fór með hóp ungra Vestlendinga í fræðsluferð til Noregs. Þá hefur samstarf íþróttá- og tómstundafulltrúa verið öflugt á árinu.
- **Samstarf stjórnenda í velferðarþjónustu** á Vesturlandi eflist mjög á árinu og hófst undirbúningur að opnun skammtíamavistunar fyrir börn með fjölpættan vanda.
- **Samstarfsyfirlýsing við Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE)**



*FARSÆLDARDAGURINN
Á VESTURLANDI*

*18. nóvember 2025
Hjálmakletti í Borgarnesi*




 SÓKNARÁÆTLUN
VESTURLANDS



Áfangastaða- og markaðssvið SSV

- **Áfangastaða og markaðssvið SSV starfar í samræmi við samning Ferðamálastofu við landshlutasamtökin. Í gegnum samninginn kemur 29 m.kr. fjárstuðningur til reksturs og verkefna sviðsins, en í samningnum eru ákveðin verkefni skilgreind.**
- Gerð og framkvæmd áfangastaðaáætlunar landshlutans ásamt tengingu við aðrar opinberar stefnur og áætlanir.
- Aðkoma að gerð stefnumótunar og áætlana á landsvísu sem snertir ferðþjónustu.
- Aðkoma að þarfagreiningu rannsókna og mælinga á landsvísu til að tryggja samanburðarhæfni milli svæða auk þess að koma með tillögur og innsýn inn í rannsóknarpörf hvers landshluta.
- Stuðla að vörupróun og nýsköpun auk þess að vinna að þróunarverkefnum.
- Leggja mat á fræðslupörf, hafa aðkomu að þróunarverkefnum er varða hæfni og gæði í ferðþjónustu, veita ráðgjöf varðandi fræðslu og miðla upplýsingum um hvað er í boði.
- Sinna svæðisbundinni markaðssetningu í samstarfi við sveitarfélög og ferðþjónustuaðila sem dregur fram sérstöðu landshlutanna og styður við markaðssetningu Íslands í heild.
- Vera grunneining í stoðkerfi ferðamála í landshlutunum. Áfangastaðastofur liðsinna sveitarfélögum, fyrirtækjum og einstaklingum innan svæðis vegna ferðþjónustu samkvæmt samstarfssamningum.



The Silver Circle route, spanning approximately 146 km, takes you through a magnificent and ever-changing landscape while driving next to Borgarfjörður. Along the way, majestic mountains and glaciers will accompany you, their peaks glistening like silver in the sunlight, a constant reminder of their grandeur.

During your drive it is also possible to stop at powerful hot springs, breathtaking waterfalls and historical ensembles of heritage from past periods since the Settles age. Learn about Snorri Sturluson and his influence on many great thinkers, authors, and composers in the world of culture. Like Tolkien author of Hobbit and Lord of the Rings.

Áhersluverkefni Á&M 2025

ÁHERSLUVERKEFNI - Áfangastaðastofa Vesturlands (ÁSV)

- **ÁFANGASTAÐAÁÆTLUN VESTURLANDS;** Velkomin á Vesturland - til að dvelja og njóta með sjálfbærni að leiðarljósi: öll vinna við ÁSÁ.Vest.
- **RANNSÓKNIR & GÆÐI FERÐAMÁLA;** rannsóknir og greining ferðapjónustu á Vesturlandi / stuðningur og ráðgjöf við stefnumótun, námskeið og þjálfun fyrir ferðapjóna.
- **ÁFANGASTAÐURINN VESTURLAND;** INNVIÐIR: útivistarleiðir og áningarstaðir til að dvelja og njóta - (ABCD greining - heildaryfirlit og ráðgjöf)
- **VÖRUPRÓUN Á VESTURLANDI:** viðburðir / ferðapakkar / ferðaleiðir (sprettverkefni); matur og menning, sagna- og menningararfur, upplifun og dægradvöl



ÁHERSLUVERKEFNI - Markaðsstofa Vesturlands (MSV)

- **VEFMIÐLAR - VESTURLAND Á VERALDARVEFNUM;** öll vinna við vefmiðla Á&M: www.vesturland.is/www.west.is og samfélagsmiðla Á&M ofl.
- **MARKAÐS- OG KYNNINGAREFNI MSV;** myndabankar, greiningar, stefnumótun, markaðsáætlanir, markaðs- og kynningarefni til afhendingar eða uppstillingar
- **MARKAÐSVINNA Á VETTvangi MSV;** ferðasýningar, vinnustofur, blaðamannaferðir ofl.



Sóknaráætlun Vesturlands

- Nýr samningur um Sóknaráætlun Vesturlands tók gildi í byrjun árs 2025. Hann kemur í stað eldri samnings frá 2020. Samningurinn felur fyrst og fremst þrennt í sér: mörkun stefnu og framtíðarsýnar fyrir Vesturland, útfærslu og vinnu að sérstöku áhersluverkefnum og rekstur á Uppbyggingarsjóði Vesturlands.
- Stjórn SSV (11 fulltrúar) skipaði samráðsvettvang Vesturlands ásamt 19 einstaklingum sem komu frá atvinnulífi, fræðasamfélagi, menningarlífi, ungmennaráði Vesturlands og öðrum haghöfum. Samráðsvettvangur fundaði einu sinni á árinu 2025. Þar var rætt um áhersluverkefni sóknaráætlunar, farið yfir framgang hennar og loks var rætt um nýja áætlun.
- Fjárveitingar til Sóknaráætlunar Vesturlands komu frá stjórnvöldum og sveitarfélögum á Vesturlandi. Alls hafði sóknaráætlun til umráða um 120 m.kr. á árinu 2025.





Meginmarkmið Sóknaráætlunar Vesturlands 2025-2029



UMHVERFI OG LOFTSLAG

Efla umhverfisvitund íbúa, styðja við hringrásarhugsun, auka fjölbreytni í orkumálum og draga úr losun kolefnis með áherslu á réttlát umskipti.

ATVINNA OG NÝSKÖPUN

Stuðla að vexti atvinnulífs, efla nýsköpun, hækka menntunarstig og fjölga óstaðbundnum störfum.

MANNAUÐUR OG VELFERÐ

Efla mannauð, bæta vellíðan, stuðla að inngildingu, félagslegri virkni og samstöðu í samfélaginu.

MENNING OG SKAPANDI GREINAR

Auka hlutdeild skapandi greina í atvinnulífinu, efla menningarstarfsemi og gera verðmætasköpun innan landshlutans áþreifanlega.

SÓKNARÁÆTLUN VESTURLANDS

2025-2029



Áhersluverkefni Sóknaráætlunar Atvinna, nýsköpun og ímynd

- **Vesturland er valkostur**
 - Uppfæra innviðagreiningu Vesturlands og gera hana aðgengilega
 - Opna sérstaka heimsíðu „Investvesturland“ þar sem til staðar verða hagnýtar upplýsingar um Vesturland s.s. nýsköpunar umhverfið, atvinnulíf, lóðaframboð, innviði og þjónustu sveitarfélaga. Þessi verkþáttur er eftir
 - Kynning fyrir fjárfesta á tækifærum á Vesturlandi
- **Sjálfbær atvinnuþróun**
 - Greining á þeim þáttum sem þarf til þess að skapa sjálfbæra atvinnuþróun
 - Sjálfbærni auðlinda
 - Aðgerðaráætlun
 - Unnið af KPMG, styrkt af UOL
- **Veldu Vesturland Lokið**
 - Stuðningur við markaðssetningu framhaldsskóla
 - Starfamessur á Vesturlandi



Áhersluverkefni Sóknaráætlunar

Atvinna og nýsköpun

- **Nýskapandi Vesturland** - **Lokið**
- Stuðningur við Fab-Lab smiðju Vesturlands, Kviku í MB og nýsköpunarbraut við FSN
- Stuðningur við NýVest
- Stuðningur við Start up landið

- **Ferðaleiðir á Vesturlandi**
- Ferðaleiðir á Vesturlandi (Silfurhringurinn, Vestfjarðarleið)
- Ljósmyndabanki Vesturlands
- Markaðsátak á samfélagsmiðlum

- **Matarauður Vesturlands**
- Stuðningur við matarhátíð Beint frá býli
- Matarmarkaðir á Vesturlandi

- **Hækkum hlutfall opinberra starfa á Vesturlandi**
- Kortlagning opinberra starfa á Vesturlandi
- Könnun á óstaðbundnum störfum. Kemur út í mars 2026
- Framkvæmdaaðili, Rannsóknarsetur í byggða og sveitarstjórnarmálum



Áhersluverkefni Sóknaráætlunar

Umhverfismál og samgöngur

- **Flokkun í anda hringrásarhagkerfisins Lokið**
- Framkvæmdaaðili Environice
- Stuðla að bættri úrgangsstjórnun fyrirtækja á Vesturlandi
- Ráðgjöf við sveitarfélög um innleiðingu nýrra laga um úrgangsstjórnun
- Ráðstöfun dýrahreja
- Styrkveitingar til hringrásarverkefna
- Skýrsla um kolefnisspor Vesturlands

- **Út að hjóla**
- Kortlagning hjólaleiða á Vesturlandi
- Úttekt á mögulegum nýjum hjólaleiðum (RFK-ráðgjöf)
- Hjólreiðar og ferðaþjónusta

- **Bætt orkunýting á köldum svæðum**
- Unnið í samstarfi við Bláma og Gleipni
- Skýrsla um orkumál



Áhersluverkefni Sóknaráætlunar Velferð og menning

- **Fjölmenningarskóli Vesturlands** **Lokið**
 - Í umsjá Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands
- **Gott að eldast - Efling öldrunarþjónustu**
 - Verkefnisstjóri ráðinn til að vinna að verkefninu Gott að eldast
- **Farsæld á Vesturlandi**
 - Farsældardagurinn á Vesturlandi
 - Hlutdeild í launakostnaði verkefnisstjóra
 - Ungmennaráð
- **Átak í atvinnueflingu fólks með skerta starfsorku**
- **Skapandi Vesturland** **Lokið**
 - Barnamenningarhátíð
 - Listavinnuskólinn 2025
 - Handraðinn - klasi safna, sýninga og setra á Vesturlandi



Uppbyggingarsjóður

- Úthlutunarnefnd tekur ákvörðun um úthlutanir sjóðsins.
 - Í nefndinni sitja fimm fulltrúar
Formaður er Jónína Erna Arnardóttir
- Fagráð veita úthlutunarnefnd umsagnir um styrkumsóknir.
 - Fagráð atvinnu- og nýsköpunar
 - Fagráð menningar
- Styrkveitingar alls kr. 66.500.000
 - Menningarstyrkir kr. 32.240.000
 - Stofn- og rekstrarstyrkir kr. 4.700.000
 - Atvinna og nýsköpun kr. 29.560.000



Byggðaáætlun

SSV vann að sex verkefnum árið 2025 sem eru styrkt af byggðaáætlun

- Dalabyggð í sókn - Styrkur úr C1 - Ímynd Dalabyggðar - **lokið**
- lðngarðar í Búðardal - Styrkur úr C1 -Umsjón í höndum Dalabyggðar -**lokið**
- Verðmætasköpun á sauðfjárræktarsvæðum - Styrkur úr C1 - Samstarfsverkefni með Vestfjarðarstofu og SSNV - **lokið**
- Almenningsamgöngur í Dalabyggð - Almenningsamgöngur á milli byggða. - A10 - Akstur á milli Búðardals og Borgarness, leið 65
- Auðarstofa nýsköpunarsetur - Dalabyggð - Styrkur C1- Nýtt verkefni
- Hver vegur að heiman er vegurinn heim - Dalabyggð - Styrkur C1 - Nýtt verkefni.



DalaAuður

- Dalabyggð var tekin inn í verkefnið Brothættar byggðir snemma árs 2022.
- Verkefnið er samstarfsverkefni Dalabyggðar, Byggðastofnunar og SSV.
- Verkefnið hefur verið unnið í samræmi við verkefnaáætlun sem samþykkt var í kjölfar íbúafþings.
- Frumkvæðissjóður DalaAuðs sem er hluti af verkefninu hefur úthlutað um 45 m.kr. til ýmissa verkefna í Dalabyggð.
- Linda Guðmundsdóttir hefur frá upphafi verið verkefnisstjóri.
- Verkefninu átti að ljúka í árslok 2025, en ákveðið var að framlengja verktímann um eitt ár og því lýkur í árslok 2026. Það er óhætt að segja að verkefnið hafi gengið mjög vel og haft jákvæð áhrif á byggðaþróun í Dölum.

